

Hafnarreglugjörð

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. maí 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð 88
fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

17. maí

1. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er siðar getur um), sem mæld eru til lestatals hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, er þau í fyrsta sinn á árinu leggjast á höfnina, eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum. Þrjú næstu skiftin, er þau á sama ári leggjast á höfnina, greiða þau hálfð hafnargjald í hvert skiftið, en komi þau oftár á sama ári, skulu þau ekkert gjald greiða. Skip, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, greiða einnig 5 aura í hafnargjald af hverri smálest, en aðeins þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni. Gjald þetta rennur í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

Þá er skip fermir eða affermir á höfninni, skal enn fremur gjalda 5 aura af hverri smálest skipsins.

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið legst fyrir innan beina stefnu frá Grýtá í Grjótgarða.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísrekssakir, storma eða því um líks.

II. Um undanþágu frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip hverrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip þegna Danakonungs, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir.
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau aftur flytja burt farminn og eigi annað.
4. Skip, er leita hafnar í þeim erindum að leggja, lita eftir eða gjöra að sæsimum milli Íslands og útlanda eða innanlands.

III. Um notkun hafnarinnar.

88 Skip mega ekki varpa atkerum á höfninni þar sem þau, að áliti hafnar-
17. maí nefndar, hindra aðsiglingu að bryggjum við höfnina, nje þar sem sæsimanum er
hætta búin af þeim. Verða þau í þeim efnum að hlýta ákvörðun hafnarnefndar
og flytja sig ef krafist verður.

Mannlausum skipum, geymsluskrokkum eða bátum, má aðeins leggja þar
á höfninni, sem hafnarnefnd tilvísar, enda sje svo frá þeim gengið og þess gætt
sem hún mælir fyrir um.

Mannlaus skip og geymsluskrokkar greiði legugjald, 30 aura af hverri
smálest, ef þau liggja á höfninni 3 mánuði eða alt að árlangt, þó greiðist aðeins
hálf gjald, ef þau eru eign búsettra manna í Seyðisfjarðarkaupstað.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður við að hlýða boði hafnarnefndar
um að flytja skip sitt eða bát á höfninni, og getur þá hafnarnefndin látið gjöra
það á kostnað eiganda.

Skip, sem liggja við bryggjur við höfnina, mega ekki fleygja út ösku og
öðrum óhreinindum, sem sökka til botns.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annarsstaðar en þar, er lögreglu-
stjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni, nje flytja á land bæjarins, nema
lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916 og skal endurskoðuð fyrir 1.
janúar 1926.

I stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.